

Ár 2005, föstudaginn 15. júlí er dómþing í dómstól ÍSÍ sett og háð af Ólafi Björnssyni að Austurvegi 3, Selfossi.

Fyrir er tekið:

Mál nr.7/2005

Júðódeild Ármanns

gegn

Júðósambandi Íslands

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

## **DÓMUR.**

### **I.**

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu ÍSÍ 26.04.2005

Kærandi er Júðódeild Ármanns kt. 491283-1309, Einholti 6, 105 Reykjavík.

Kærði er Júðósamband Íslands kt 450274-0709, Engjavegi 6, 104 Reykjavík

Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í dómstól ÍSÍ þann 27. apríl sl. Málið var flutt skriflega.

#### **Dómkröfur kæranda.**

Kærandi krefst þess að úrslit á Íslandsmóti fullorðinna (hér eftir ÍM) í júðó sem haldið var 23.04.2005 verði ógilt og mótið endurtekið.

Að staðfest verði að Vernharð Þorleifsson, kt. 010873-5689, Andrésbrunni 13, 113 Reykjavík, hafi rétt á því að keppa fyrir hönd Júðódeildar Ármanns.

#### **Dómkröfur kærða.**

Kærði krefst sýknu af kröfum kæranda.

### **II.**

**Málavexti** kveður kærandi þá að á árinu 2004 hafi Vernharð Þorleifsson gengið til liðs við kæranda sem sótti um félagaskipti fyrir hann sumarið 2004. Félagaskiptin

gengu ekki í gegn vegna tregðu KA til að samþykkja þau. Kærandi ákvað þá að aðhafast ekki frekar enda taldi kærandi að honum yrði frjálst að ganga í annað félag um áramótin 2004-5 samkvæmt þáverandi reglum kærða (JSÍ). Vernharð var skráður til leiks á ÍM 2005 ásamt öðrum Ármenninum. Vernharð var skráður til leiks bæði í sveitakeppni og þungavigt einstaklinga.

Eftir að kærandi skilaði inn þátttökutilkynningu til kærða vegna IM mun einhver af hálfu kærða breytt skráningu kæranda fyrir mótið á þann veg að nafn Vernharðs var fjarlæggt. Hvorki var haft samband við forsvarsmenn kæranda né Vernharð sjálfan. Sævar Sigursteinsson, aðalþjálfari kæranda komst á snoðir um þessa breytingu fyrir tilviljun. Á fundi stjórnar kærða að kvöldi þriðjudagsins 19. apríl spurði Sævar Sigursteinsson um ástæður þessarar breytingar.

Jón Óðinn Óðinsson og Bjarni Friðriksson, stjórnarmenn kærða, sem jafnframt eru þjálfarar JR og KA, sögðu ástæðuna vera þá að Vernharð sé KA-maður en ekki Ármenningur. Hann hafi verið skráður í KA árið 2003 þegar hann keppti með landsliði Íslands á B-móti Júdósambands Evrópu í Þýskalandi og því hafi ekki verið liðin tvö ár frá þátttöku hans með íslensku félagssliði er hann tilkynnti um félagaskipti, og því megi hann ekki keppa fyrir kæranda.

Á umræddum fundi var gengið til atkvæða um hvort Vernharð mætti keppa fyrir kæranda. Því er hafnað með atkvæðum stjórnarmeirihluta er skipuðu fulltrúar frá JR, KA og Grindavík gegn einu atkvæði kæranda. Engum var formlega tilkynnt um þessa niðurstöðu ekki frekar en þá ákvörðun kærða að útiloka Vernharð frá mótinu með því að strika nafn hans út í upphafi.

Kærandi sætti sig ekki við ákvörðun stjórnarinnar og leitaði því m.a. óformlegs álits hjá laganefnd ÍSÍ fyrir mótið. Þar var minnst á að Vernharð ætti að njóta vafans í málinu og ef einhverjir hefðu athugasemdir við þátttöku hans ætti að kæra hana eftir mótið. Ástæðan væri m.a. sú að stjórnarmenn kærða gætu ekki túlkað reglurnar eftir sínu höfði og tekið sér endanlegt úrskurðarvald í máli sem þessu. Þess utan hefði málið ekki fengið viðeigandi málsmeðferð hjá stjórninni í upphafi. Vafasamt væri að útiloka þátttöku hans með einu pennastriki stjórnarmanna kærða auk þess sem rök þeirra væru veik og ekki væru fordæmi fyrir þeirra túlkun.

Sævar Sigursteinsson hafði samband við Magnús Ólafsson formann kærða og kynnti honum álitid. Þá var honum tjáð að það væru skiptar skoðanir um þetta mál meðal lögfræðinga.

Þegar Vernharði var meinað að vigta sig fyrir mótið ræddu forsvarsmenn Ármanns við þá stjórnarmenn sem voru á staðnum og sögðust hafa leitað álits laganefndar ÍSÍ og fengið þau svör sem getið er um hér að framan. Stjórnarmennirnir sögðu ákvörðun sína vera endanlega þrátt fyrir þessar upplýsingar. Í kjölfarið hætti stór hluti keppenda Ármanns við þátttöku enda höfðu forsendur fyrir henni breyst.

Laugardaginn 23.04.2005 mætti Vernharð í vigtun fyrir ÍM. Þá er honum meinaður aðgangur að voginni og þjálfarar JR og KA tilkynna honum að meirihluti stjórnar kærða hafi ákveðið að hann fái ekki að keppa og að sú ákvörðun sé endanleg.

#### **Málsástæður og lagarök kæranda:**

Kærandi byggir mál sitt á því að samkvæmt félagaskiptareglum kærða þá hafi Vernharð verið gjaldgengur keppnismaður með kæranda: "Í félagaskiptareglum JSÍ standi í grein 2.1: „*Þeir íþróttamenn sem keppt hafa í júdó fyrir íslenskt íþróttafélag s.l. tvö ár, miðað við síðustu áramót og verða 15 ára á árinu eða eldri, skulu tilkynna JSÍ skriflega um félagaskipti standi það til.*“ Þessi málsgrein gefi ótvírætt til kynna að sá sem **ekki hefur keppt fyrir íslenskt íþróttafélag árin 2003 og 2004** þurfi ekki að tilkynna kærða um félagaskipti á árinu 2005.

Í grein 4.1 í félagaskiptareglum kærða sé fjallað um að „*öll félagaskipti*“ skuli hljóta staðfestingu félags sem gengið er úr og tilkynnt kærða. Þessi grein hljóti þó að undanskilja þá íþróttamenn sem ekki þurfa að tilkynna kærða um félagaskipti (þ.á.m. þá sem falla undir grein 2.1 hér að framan).

Kærandi bendir á að í 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrá Íslands sé kveðið á um að (nema í undantekningartilfellum) sé fólki heimilt að standa utan félaga. Kærandi telur að ef ekki sé mögulegt að ganga í júdófélag án þess að ganga úr því síðasta (ef eitthvað er) um leið, þá leiðir af því að enginn júdómaður mun nokkurn tímann geta staðið utan júdófélags. Orðið félagaskipti feli í sér að verið er að ganga úr gamla félaginu og það

er útilokað að ganga tvisvar í röð úr sama félaginu án þess að ganga í það í millitíðinni. Reglur kærða séu ekki hafnar yfir landslög og landslög séu ekki hafin yfir stjórnarskrána. **Af þessu öllu leiðir að grein 4.1 á ekki við um þá sem ekki hafa keppt fyrir íslenskt félagslið síðustu 2 almanaksár.**

Kærandi bendir á að upptök aðgerða kærða gegn kæranda í máli þessu séu ekki ljós. Engin kæra hafi borist kæranda um ólöglegan keppanda. Í grein 5.1 í félagaskiptareglunum segi: „*Stjórn JSÍ er úrskurðaraðili í deilum sem upp koma varðandi félagaskipti. Úrskurði geta aðilar áfrýjað til júdódómsstóls [nú Dómstóll ÍSÍ].*“ Af þessu leiði að fyrir verður að liggja einhvers konar kæra. Það er ómögulegt að áfrýja leynilegum ráðagerðum stjórnarmanna kærða eða aðgerðum þeirra í máli Vernharðs þar sem málið fékk ekki viðeigandi málsmeðferð og hefði ekki verið tekið upp á stjórnarfundum fyrir mótið nema af því einn stjórnarmaður frétti af málinu fyrir tilviljun.

Þá telur kærandi að einstaklingurinn hefði átt að fá að njóta vafans. Aðgerðir kærða eru íþyngjandi fyrir kæranda og Vernharð Þorleifsson. Ekki fæst séð að þátttaka Vernharðs á mótinu hafi ógnað hagsmunum almennings eða júdóíþróttarinnar.

Þá telur kærandi að hann hefði átt að fá að verja sig fyrir stjórn kærða. Ekki var svo mikið sem haft samband við kæranda vegna málsins. Einn Ármenningur, Sævar Sigursteinsson, var viðstaddur fundinn sem lýðræðislega kjörinn fulltrúi Ársþings JSÍ þegar málið var tekið fyrir, að hans frumkvæði, þar sem engar skýringar lágu fyrir. Sem slíkur er hann ekki í hlutverki umboðsmanns kæranda á fundum stjórnar kærða. Hann á, eins og allir stjórnarmenn, að gæta hagsmuna allra júdómanna jafnt. Ekki var hægt að ætlast til að hann héldi einn uppi vörnum fyrir kæranda á þessum fundum í máli sem hafði hvorki verið tilkynnt félaginu né fjallað um innan stjórnarinnar áður.

Kærandi bendir á að stjórn kærða sé ekki æðsta dómstigið í þessu máli. Í grein 5.1 í félagaskiptareglunum (sjá fylgiskjal A) segi: „*Stjórn JSÍ er úrskurðaraðili í deilum sem upp koma varðandi félagaskipti. Úrskurði geta aðilar áfrýjað til júdódómsstóls [nú Dómstóll ÍSÍ].*“ Kærandi telur í eðli sínu erfitt að áfrýja illa skilgreindu atviki eins og þessu. Ekki fáist séð að úrskurðurinn taki gildi fyrr en reynt hafi á öll dómstigin.

Eftir samtöl kæranda við KA-menn og JR-inga virtist deilan einungis snúast um eitt: ***Keppti Vernharð Þorleifsson fyrir íslenska félagslíðið sitt (KA) þegar hann keppti með landsliði Íslands á stórmóti í júdó sumarið 2003?***

Kærandi telur að sennilega séu flestir sammála um að hann keppti fyrir landslið Íslands og að landsliðið er ekki íslenskt félagslíð. Spurningin er: *Keppti hann líka fyrir KA?* Júðósamband Íslands segir ‘já’, Júðódeild Ármanns segir ‘nei’.

Kærandi bendir á að árið 1996 vildi Vernharð Þorleifsson hafa þjálfara sinn með sér á stórmót í júdó; Ólympíuleikana í Atlanta. Hann hafi farið þess á leit við kærða sem hafnaði því m.a. með þessum rökum Kolbeins Gíslasonar, þáverandi formanns JSÍ, sem birtist í blaðgrein: *„Hann er að fara á Ólympíuleikana fyrir hönd Íslands, en ekki fyrir KA.“* Þarna kemur Kolbeinn inn á lykilatriði: Hann keppti *„ekki fyrir KA“*.

Prófessor Eysteinn Þorvaldsson er fyrrverandi formaður JSÍ og hefur þýtt og haldið við leikreglum júdíþróttarinnar. Í blaðgrein sagði hann um ofangreint mál: *„Það mætti ætla að Vernharð ætti ekki að keppa fyrir Íslands hönd á Ólympíuleikunum heldur fyrir Jón Óðinn Óðinnson eða KA.“*

Kærandi telur að einungis kærði hefi umboð til að senda menn á stórmót í júdó. Samkvæmt greinargerð kærða er birtist í Morgunblaðinu á sínum tíma, þá geti einungis JSÍ sent íslenska júðómenn í landskeppnir: *„Þá má minna á að það fæst einungis keppnisréttur í gegnum JSÍ til að taka þátt í hvort heldur er A-mótum Evrópusambandsins, heimsmeistaramóti, og smáþjóðaleikunum svo eitthvað sé nefnt því allt eru þetta landskeppnir.“*

Af þessu má leiða að KA getur ekki hafa sent Vernharð á landskeppni í júdó.

Til stuðnings máli sínu vísaði kærandi til framlagðra sönnunargagna og til vitna er mætti kalla til fyrirtöku.

### III.

Kærða, JSÍ var gefin kostur á að skila greinargerð vegna framangreindrar kærðu. Með greinargerð dagsettri þann 13. maí s.l. komu eftirfarandi athugasemdir fram af þeirra hálfu:

**Málavexti** kveður kærði þá að kærandi hafi sótt um félagaskipti þann 14. september 2004 fyrir Vernharð Þorleifsson kt. 010873-5689 úr KA í Ármann. Þeirri umsókn var hafnað sbr. tilkynningu tækniráðs JSÍ dags. 22.09.2004. Þessi úrskurður tækniráðs var ekki kærður.

Kærandi sendi inn þátttökutilkynningu til kærða þann 14. apríl eins og önnur félög sem ætluðu sér að taka þátt í Íslandsmóttinu sem fram fór þann 23. apríl 2005. Allar þátttökutilkynningar voru sendar til Bjarna Friðrikssonar formanns tækniráðs sem hafði umsjón með framkvæmd Íslandsmótsins. Á keppendalista kæranda var fyrrgreindur Vernharð sem skv. gögnum tækniráðs var enn KA-maður þar sem félagaskiptum hans hafði verið hafnað eins og áður greinir. Af þessum sökum hafði formaður tækniráðs frumkvæði að því að taka þetta mál upp á fundi stjórnar kærða þann 19. apríl 2005 þar sem þarna var ágreiningur á ferðinni sem þarfnaðist úrskurðar stjórnar kærða sbr. fyrrgreinda grein 5.1 í reglugerð um félagaskipti. Stjórn kærða tók málið fyrir og úrskurðaði að Vernharð teldist enn félagsmaður í KA. KA tilkynnti Vernharð ekki til keppni og því var Vernharð ekki skráður til leiks á Íslandsmóttinu.

Þessi ákvörðun stjórnar kærða var tilkynnt formanni kæranda símleiðis af formanni kærða, en einnig situr aðalþjálfari kæranda í stjórn kærða og tók hann virkan þátt í umræðum um málið svo og atkvæðagreiðslu. Einnig situr annar þjálfari kæranda í stjórn kærða og var hann einnig viðstaddur á fundinum þannig að kæranda var mjög vel kunnugt um niðurstöðu þessa fundar.

#### **Málsástæður og lagarök kærða:**

Kærði bendir á að í reglugerð um félagaskipti segi í grein 3.1: *“Keppnistímabilið hefst 1. september og lýkur 31. ágúst. Tilkynning um félagaskipti skal hafa borist stjórn JSÍ í síðasta lagi 15. september, ef viðkomandi ætlar að keppa fyrir nýtt félag á yfirstandandi keppnistímabili.”*

Kærandi sótti um félagaskipti fyrir Vernharð þann 14. september 2004 en þeim félagsskiptum var hafnað án mótmæla af hálfu kæranda.

Þessi umsókn gildi fyrir keppnistímabilið 1. september 2004 til 31. ágúst 2005. Þegar af þessari ástæðu er ljóst að Vernharð gat ekki keppt fyrir annað félag en KA þetta keppnistímabil.

Í 1. gr. reglugerðar um félagaskipti segir: *“Hlutgengur til þátttöku í mótum á vegum JSÍ er hver sá aðili sem félagsbundinn er í félagi innan JSÍ og uppfyllir að öðru leyti hlutgengisreglur ÍSÍ á hverjum tíma.”*

Eitt að verkum JSÍ er að senda menn til keppni á mótum erlendis. Til þess að vera hlutgengur þarf viðkomandi að vera félagsmaður í íslensku félagi. Ekki er ágreiningur um að Vernharð keppti síðast í júdó árið 2003, á því ári keppti hann ítrekað fyrir Íslands hönd á mótum erlendis. Vernharð er skráður félagsmaður í KA og hefur verið svo um langt árabíl. Hann var því að keppa sem KA-maður fyrir Íslands hönd. **Ef hann hefði ekki verið skráður í neitt félag hefði JSÍ ekki getað valið hann til keppni, hann var hlutgengur vegna þess að hann var skráður félagsmaður í félagi innan JSÍ, í þessu tilfalli KA.**

Af framansögðu er ljóst að grein 2.1 í reglugerð um félagaskipti getur því ekki átt við Vernharð í þessu tilfalli. Kærði bendir á að í keppnisreglum ÍSÍ er tekið fram að menn glata ekki félagsréttindum sínum í félagi sínu á Íslandi þó svo að þeir keppi með erlendu félagi.

Í grein 4.1 reglugerðar um félagaskipti segir: *“Undirritun fulltrúa félagsdeildar sem gengið er úr staðfestir að viðkomandi félagsmaður hafi engar skuldbindingar við sitt fyrra félag.”* Í grein 2.1 segir: *“Þeir íþróttamenn sem keppt hafa í júdó fyrir íslenskt íþróttafélag s.l. tvö ár, miðað við síðustu áramót og verða 15 ára á árinu eða eldri, skulu tilkynna JSÍ skriflega um félagaskipti standi það til.”*

Tilgangur þessarar greinar er að mati kærða sá að gera júdómönnum sem verið hafa lengi frá keppni auðveldara að hefja keppni aftur fyrir nýtt félag án þess að þurfa að standa í kostnaðarsömum félagaskiptum. Andi reglugerðarinnar var ekki að gera virkum júdómönnum kleift að hafa félagaskipti án þess að hafa gengið frá skuldbindingum sínum við sitt gamla félag. Umsókn kæranda um félagaskipti fyrir hönd Vernharðs var hafnað vegna þess að KA hafnaði að samþykkja félagaskiptin vegna þess að Vernharð hafði ekki efnt skuldbindingar sínar við sitt gamla félag. Því til staðfestingar liggur fyrir yfirlýsing KA þess efnis dags. 14. maí 2005.

Kærði bendir á að kærandi tali um “stjórnarmeirihluti JR, KA og Grindavíkur gegn einu atkvæði Ármanns”. Í kæru sinni. Einkennilegt sé að tala um stjórnarmeirihluta, rétt eins og mynduð hafi verið stjórn innan stjórnar. Það hafi ekki verið frumkvæði stjórnarmanns kæranda sem málið var tekið fyrir, það hafi formaður tækniráðs gert eins og skýrt kemur fram í fundargerð.

Kærandi vitni í stjórnarskrá lýðveldisins, að því er virðist um ákvæði um félagafrelsi. Að mati kærða er enginn neyddur til að vera í íþróttafélagi fremur en öðrum félögum. En menn þurfa oft að ganga í félag til að öðlast ákveðin réttindi. Þannig er það í íþróttum, ef menn ætla að keppa á íþróttamótum, þarf að vera í íþróttafélagi.

Kærandi segi að ekki hafi legið fyrir kæra um skráningu meints ólögmæts leikmanns. Sótt var um félagaskipti fyrir Vernharð fyrir keppnistímabilið 1. september 2004 til 31. ágúst 2005. Þeirri umsókn var hafnað. Engu að síður birtist nafn Vernharðs á keppendalista Ármanns vegna Íslandsmóts 23. apríl 2005, sem sagt á fyrrgreindu keppnistímabili. Það er verkefni tækniráðs JSÍ að sjá um framkvæmd móta og að halda utan um félagaskipti. Samkvæmt gögnum tækniráðs hafði umsókn um félagaskipti Vernharðs verið hafnað fyrir þetta tímabil og því var skráningin óheimil.

Það er í verkahring tækniráðs sem framkvæmdaaðila móta að sannreyna að keppendur séu réttilega skráðir. Þarna var því um óréttmæta skráningu að ræða sem formaður tækniráðs varð að bera undir stjórn JSÍ sem úrskurðaði í málinu eins og hún hafði vald til sbr. grein 5.1 í reglugerð um félagaskipti.

Kærandi segi að Vernharð hafi átt að njóta vafans. Það var sótt um félagaskipti fyrir hann, þeirri umsókn var hafnað án mótmæla. Kærði ítrekaði fyrri úrskurð sinn um að félagaskiptum hans væri hafnað og taldi engan vafa leika á þeirri ákvörðun sinni.

Kærandi segi að þeir hefðu átt að fá að verja sig á fundi stjórnar kærða þar sem mál þetta var rætt. Kærði telur það í verkahring stjórnar kærða að líta eftir því að lög og reglugerðir kærða séu haldin. Í umræddu tilfelli var verið að fjalla um mál sem hafði verið úrskurðað um í upphafi keppnistímabilsins. Ekki var um það að ræða að efna til einhvers málflutnings annarra en stjórnarmanna sem til þess eru kosnir með lýðræðislegum hætti enda hefur það ekki tíðkast. Í stjórn kærða sitja tveir aðilar sem eru frá kæranda, annar þeirra er yfirþjálfari kæranda og sá sem sendi inn keppendalista fyrir kæranda. Sjónarmið kæranda komust því mjög vel að í þessu máli.



Kærandi segi að stjórn kærða sé ekki æðsta dómstigið í þessu máli. Þetta er auðvitað alveg rétt enda nýttu þeir rétt sinn og kærðu málið áfram. Kærandi segist hafa leitað álits hjá laganefnd ÍSÍ og fengið hjá henni óformlega álitsgerð.

Kærði mótmælir því að laganefnd ÍSÍ sendi frá sér álitsgerðir, jafnvel þó óformlegar séu, eftir að hafa aðeins heyrt málavexti frá öðrum deiluaðila.

Kærandi rifji upp í greinargerð sinni gamalt deilumál frá árinu 1996 þar sem deilt var á hvaða þjálfari ætti að fara með Vernharð Þorleifssyni á Olympíuleikana það ár. Sú deila og sjónarmið sem þar komu fram eiga ekki við að neinu leiti við í þessu máli að mati kærða.

#### IV.

Kæranda gafst tækifæri á að gera athugasemdir við greinargerð kærða, og bárust þær dómara 30.05.2005. Voru sjónarmið kæranda þar ítrekuð. Kærandi taldi þýðingarlaust að kæra úrskurð tækniráðs haustið 2004 þess efnis að hafna samþykki á félagaskiptum Vernharðs úr KA yfir til kæranda. Meginatriðið sé að Vernharð hafi ekki keppt fyrir hönd KA á árunum 2003 og 2004 og því sé honum frjálst að ganga til liðs við kæranda á árinu 2005.

#### VI.

Kærði svaraði athugasemdum kæranda með viðbót við greinargerð sína mótt. 9. júní 2005. Kærði ítrekar að þegar ósk kæranda um félagaskipti Vernharðs kom á borð hjá kærða vantaði staðfestingu fyrra félags og af þeirri ástæðu var félagaskiptunum hafnað samkvæmt gr. 4.1 félagaskiptareglu JSÍ.

“4.1 Öll félagaskipti skulu fara fram á þar til gerðu eyðublaði útgefnu af JSÍ. Eyðublaðið skal undirritað af viðkomandi félagsmanni, félagi sem gengið er úr og félagi sem gengið er í. **Undirritun fulltrúa félagsdeildar sem gengið er úr staðfestir að viðkomandi félagsmaður hafi engar skuldbindingar við sitt fyrra félag. Tækniráði er ekki heimilt að staðfesta félagsskipti fyrr en undirskriftir umsækjenda og staðfesting félaga sem hlut eiga að máli liggur fyrir.**”

Kæranda og Vernharði hefði verið í lófa lagið að kæra þessa niðurstöðu í september sl. ef þeir teldu sig órétti beitta. Af tölvupósti sem kærandi hefur lagt fram í máli þessu og einnig áður framlögðu bréfi framkvæmdastjóra KA má augljóslega ráða að Vernharð á margt ófrágengið við KA, en það sé ekki það sem sé til umfjöllunar í þessu dómsmáli.

Kærði bendir á að Vernharð og kærandi sóttu um félagaskipti haustið 2004. Það telur kærandi að þeir hafi gert vegna þess að þeir vissu að ef Vernharð ætlaði að keppa fyrir annað félag þetta keppnistímabil, 2004-2005, þá yrðu þeir að sækja um. Þeirri umsókn var hafnað og þeir sættu sig við þá höfnun, þetta telur kærði óumdeilt.

Umsóknin sem barst kærða, var hafnað, þeirri höfnun var ekki mótmælt og því varð ekkert úr félagaskiptum Vernharðs. Af þessari ástæðu gat Vernharð ekki keppt fyrir annað félag en KA keppnistímabilið 2004-2005 að mati kærða.

## VII.

### Niðurstaða.

Mál þetta snýst um það hvort kærða hafi verið heimilt að meina kæranda að láta Vernharð Þorleifsson keppa fyrir sína hönd á ÍM í júdó er fór fram 23. apríl 2005, og hvort rétt hafi verið staðið að höfnun keppnisréttar Vernharðs.

Í reglum kærða segir í 1 gr. að "hlutgengur til þáttöku í mótum á vegum JSÍ er hver sá aðili sem félagsbundinn er innan JSÍ og uppfyllir að öðru leyti hlutgengisreglur ÍSÍ á hverjum tíma". Um keppnistímabil segir í gr.3.1 "Keppnistímabilið hefst 1. september og lýkur 31. ágúst. Tilkynning um félagaskipti skal hafa borist stjórn JSÍ í síðasta lagi 15. september, ef viðkomandi ætlar að keppa fyrir nýtt félag á yfirstandandi keppnistímabili."

Óumdeilt er að Vernharð Þorleifsson var skráður í KA haustið 2004 sbr. umsókn kærða um félagaskipti fyrir hann 14. sept.2004. Óumdeilt er einnig að Vernharð keppti fyrir Íslands hönd árið 2003 og þá sem skráður félagsmaður í KA, en óhrakin er sú staðhæfing kærða að til þess að vera hlutgengur fyrir Íslands hönd í landsliðskeppni, þá verði viðkomandi keppandi að vera skráður félagsmaður í félagi innan vébanda kærða. Verður því að telja að kærða hafi verið heimilt að meina Vernharð Þorleifssyni að keppa fyrir hönd kæranda á ÍM enda lögleg félagaskipti ekki farið fram. Eru því heldur ekki efni til að taka til greina kröfu kæranda um keppnisrétt Vernharð f.h. kæranda á þessu keppnistímabili, en skilja verður kröfugerðina á þann veg að hún fjalli um keppnistímabilið 1. sept. 2004 til 31.ág. 2005.

Ekki verður fallist á þær málsástæður kæranda að þar sem kæranda hafi ekki verið tilkynnt ákvörðun kærða formlega, þá sé ákvörðunin ólögmat. Fyrir liggur af gögnum málsins að forsvarsmönnum kæranda var kunnugt um ákvörðun stjórnar kærða um að Vernharð gæti ekki keppt fyrir hönd kæranda í síðasta lagi 19. apríl 2005. Verður í þessu sambandi og að vísa til höfnunar á félagaskiptum fyrir Vernharð úr KA yfir til kæranda haustið 2004 sem ekki var kærð af hálfu kæranda.

Mál þetta hefur einnig fengið lögmæta kærumeðferð í framhaldinu þar sem kærandi hefur átt þess kost að koma öllum sjónarmiðum sýnum að.

Ber því að sýkna kærða af öllu kröfum kæranda í máli þessu.

Uppkvaðning dóms hefur dregist vegna mikilla anna dómarans.

## **DÓMSORÐ**

Jódósamband Íslands er sýkn af öllum kröfum Júdódeildar Ármanns í máli þessu.

Ólafur Björnsson

### **Um áfrýjun:**

Heimilt er að skjóta dómi þessum til áfrýjunardómstóls ÍSÍ, og er áfrýjunarfrestur til áfrýjunardómstólsins ein vika frá því aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu þess, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að framangreindur dómur var kveðinn upp.